



Reykjavík, 15. ágúst 2018  
VEL2018080012  
335. fundur  
RÁ/

Lagt fyrir fund velferðarráðs 17. ágúst 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra um fjárveitingu vegna undirbúnings á útboði á ferðaþjónustu fatlaðs fólks.***

Lagt er til að velferðarráð samþykki að vísa beiðni frá framkvæmdastjóra SSH til borgarráðs með ósk um fjárveitingu fyrir allt að 4 mkr. vegna undirbúnings á útboði á ferðaþjónustu fatlaðra.

### Greinargerð

Núverandi akstursamningar Strætó bs., við verktaka sem sinna akstri vegna sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, renna út í árslok 2019. Í ljósi þess hefur Strætó bs. kallað eftir ákvörðun sveitarfélaganna um framhald máls þegar núverandi samningar renna út. Eins og fram kemur í meðfylgjandi erindi frá framkvæmdastjóra samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem nú standa að sameiginlegri ferðaþjónustu ráði til sín verkefnisstjóra til að meta árangur samstarfsins og greina mögulegan ávinning að breytingu á samsetningu núverandi bílaflota.

Reiknað er með ráðgjöf frá breskum sérfræðingi sem hefur komið að gerð útboðsgagna vegna sambærilegra samninga víða erlendis auk verkefnisstjóra sem heldur utan um greiningu og mat á gögnum. Í erindi frá framkvæmdastjóra SSH kemur fram að viðkomandi sinni eftirtöldu:

- Mat á árangri á samstarfi sveitarfélaganna við rekstur sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og greining á hvort æskilegt eða nauðsynleg sé að breyta núverandi fyrirkomulagi og umgjörð verkefnisins. Meta þarf áhrif mismunandi sviðsmynda af mögulegum breytingum á umgjörð og fyrirkomulagi þjónustunnar sbr. við óbreytt fyrirkomulag.
- Ítarleg greining á möguleikum á betri rekstrarárangri með endurskipulagningu á samsetningu bílaflota í ljósi fenginnar reynslu og öðrum þeim breytingum á flotastýringu sem leitt geta til hagfelldari niðurstöðu. Samhliða þarf að fara yfir

fyrirliggjandi sameiginlegar reglur um aðgengi að þjónustunni og greina hverju er mögulegt að breyta í nágildandi þjónustuviðmiðum.

Kostnaður vegna breska ráðgjafans er áætlaður 1,5 -2 mkr. og vegna verkefnisstjóra um 4-5 mkr. Kostnaður á hvert sveitarfélagi ræðst af íbúafjölda og má gera ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar geti numið allt að 4 mkr.

Fylgiskjal: Undirbúningur að ákvörðun um áframhaldandi samstarf SSH vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks dags. 12, júlí 2018.